

boenda
FERÐIR

SKÍÐAGÖNGUFERÐ TIL SEEFELD 2



22. – 29. janúar 2022

Skíðakennsla: Jakob Einar Jakobsson

Hreyfiferð

Austurríki | Þýskaland

Ferðalýsing

Vetrarfrí á gönguskíðum í skemmtilegum félagsskap og fallegu umhverfi er sannkallaður draumur útivistarfólks. Seefeld býður upp á allt það besta til að gera ferðina að **ógleymanlegu vetrarævintýri**. Svæðið við Seefeld er einstaklega fallegt og fjölbreytt. Skíðabrautir svæðisins eru rúmlega 245 km langar, þær eru í 1.200 – 1.550 m hæð yfir sjávarmáli og henta jafnt byrjendum sem lengra komnum. Gist verður á glæsilegu 4* hóteli í bænum. Á hótelinu er notaleg **heilsulind** með sundlaug, sauna og heitum nuddpotti. Flogið er með Icelandair til München og ekið sem leið liggur til Seefeld en þangað eru um 160 km.

Nánar um ferðina

Hér er boðið upp á skíðaferð fyrir lítinn hóp farþega til fimm stjörnu skíðagöngusvæðisins Seefeld. Í þessari ferð er ekki eiginlegur fararstjóri sem fylgir hópnum en Jakob Einar Jakobsson skíðakennari verður með skíðakennslu í boði fyrir hádegi alla daga. Því er upplagt að nýta sér kennsluna og æfa sig sjálfur eftir hádegi. Kennslan verður fjölbreytt og skipt er í tvo hópa eftir getu. Þeir sem vilja frekar taka því rólega og njóta þess að skíða á sínum eigin forsendum í dásamlegu umhverfi gera það. Markmiðið er að allir njóti sín við bestu mögulegu aðstöðu sem Alparnir hafa upp á að bjóða. Jakob Einar er þekktur veitingamaður, enda hefur hann rekið Jómfrúna í mörg ár. Það er því ekki ólíklegt að hann leiði hópinn ekki aðeins hvað skíðaiðkunina varðar, heldur að það gefist líka tækifæri til að kynnast mat og drykk úr héraði með honum.



8 dagar | 7 nætur í Seefeld

Skíðasvæðið

Seefeld er 3.300 manna bær í um 1.200 metra hæð yfir sjávarmáli. Þessi huggulegi bær er einn vinsælasti ferðamannabærinn í Tíról. Seefeld hásléttan er umvafinn Wetterstein-, Mieminger- og Karwendelfjöllunum en hér áður var þetta mikið vatnasvæði eins og nafn bæjarins ber með sér. Ólympíuleikarnir í norrænum greinum voru haldnir þarna 1964 og



1976 og heimsmeistarakeppnin árið 1985 og aftur árið 2019. Árin 2005, 2007 og 2008 var Seefeld valið besta skíðagöngusvæðið af 232 tilnefndum svæðum í Evrópu. Á Seefeld svæðinu má finna fjöldann allan af skíðagöngubrautum enda eru skíðabrautir svæðisins rúmlega 245 km langar og henta jafnt byrjendum sem og lengra komnum. Svæðið er fimm stjörnu skíðagöngusvæði og er snjóöruggt allt

fram í byrjun apríl. Skíðagöngubrautirnar eru samtengdar fimm þorpum á svæðinu þ.e. Seefeld, Leutasch, Möseren, Reith og Scharnitz og því hægt að fara nýjar og spennandi leiðir á hverjum degi. Einnig er upplagt að taka kláfinn upp á Roshütte fjallið í 1784 m hæð og njóta stórfenglegs útsýnis til allra átta en þar er vinsæll veitingaskáli.

Vefsíða Seefeld er: www.seefeld.com og www.skiseefeld.com

Hótelíð

Gist verður allar næturnar á 4* hóteli í miðbæ Seefeld, Hótel Alte Schmiede. Hálf fæði er innifalið, morgunverðarhlaðborðið er vel útlítið og á kvöldin er boðið upp á fimm rétta máltíð með salatbar og einnig eru í boði græmetisréttir. Notaleg heilsulind er á hótelinu með sundlaug, sauna, Bio sauna, innrauðum hitaklefa og heitum nuddpotti. Einnig eru sólbekkir og hvíldarherbergi. Herbergin eru öll stílhrein og notalega innréttuð með svölum, baði/sturtu, hárburrku, síma, sjónvarpi og öryggishólfi. Gestir fá baðslopp til afnota á meðan á dvölinni stendur. Ókeypis þráðlaust net er á hótelinu. Sjá nánar á [vefsíðu hótelsins](#).



Flugið

Flugið verður með Icelandair til München þann 22. janúar. Brottför frá Keflavík kl. 7:20 en mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í München kl. 12:05 að staðartíma. Frá flugvællinum í München eru um 160 km til Seefeld svo gera má ráð fyrir að rútuferðin taki um 2,5 klst. Á brottfarardegi leggjum við snemma af stað út á flugvöll og síðan er flugið heim kl. 13:05 frá München. Lending á Íslandi kl. 16:00.

Verð

239.900 kr. á mann í tvíbýli | 24.900 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir á milli flugvallarins í München og hótelsins í Seefeld.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með baði á fjögurra stjörnu hóteli.
- ✓ Morgunverðarhlaðborð.
- ✓ Fimm rétta kvöldverður með salatbar (einnig í boði grænmetisréttir).
- ✓ Aðgangur að heilsulindinni.
- ✓ Skíðakennsla.



Ekki innifalið

- ✓ Aukagjald fyrir skíði í flug, 4.700 kr. á fluglegg.
- ✓ Kaupa þarf sérstakt kort fyrir skíðagöngubrautir svæðisins (vikukort ca €20).
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Forfalla- og ferðatrygging.